



22. nóvember 2019

Tilv.: 1911074

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Arnarhvoli  
101 Reykjavík

*Efni:* Umsögn Seðlabankans um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld

Í 16. gr. frumvarps til laga um um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld er lögð til breyting á 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987.

Seðlabankinn styður framangreinda breytingu sem lögð er til í frumvarpinu. Um er að ræða aðgerð sem felur í sér einföldun á regluverki gagnvart erlendum aðilum sem bera takmarkaða skattskyldu hérlendis. Breytingin felur í sér að aðkoma erlendra aðila sem og vörsluaðila eða milligönguaðila þeirra er einfölduð þegar kemur að viðskiptum með hlutabréf eða stofnbréf hér á landi, en óbreytt regluverk felur í sér vissa tæknilega hindrun fyrir erlenda fjárfestingu í hlutabréfum og stofnbréfum og býr til ákveðið ójafnræði gagnvart innlendum fjárfestum.


Mikilvægt er að fækka aðgangshindrunum að innlendum mörkuðum eins og fremst er unnt og samræma regluverk við nágrannaríki okkar. Á þetta sérstaklega við í tilvikum smáríkja eins og Íslands, þar sem sérhæft eða flókið regluverk verður frekar til þess að fjárfestar og þeir sem útfæra fjármálaþjónustu víða um heim sjá sér ekki hag í því að styðja fjárfestingu í íslenskum verðbréfum sem gerir fjármögnun hér á landi dýrari en ella.

Í kjölfar þessara breytinga þarf að skoða vandlega hvort til staðar eru fleiri þyngjandi eða óeðlilegar hindranir fyrir erlenda fjárfesta á innlenda markaði, s.s. á skuldabréfamarkaði, enda er þátttaka erlendra aðila á innlendum skuldabréfamarkaði með minnsta móti um þessar mundir.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Asgeir Jónsson  
seðlabankastjóri



Rannveig Jónsdóttir  
fórstöðumaður